



Reykjavík, 23. mars 2022
MSS22020262

Til Borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnafulltrúa Miðflokksins um starfsumsóknarkerfi fyrir Reykjavíkurborg.

Vísað er til bréfs, dagsett 28. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir svörum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um starfsumsóknarkerfi fyrir Reykjavíkurborg.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Þróstur Sigurðsson,

Skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur



SVAR

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Þröstur Sigurðsson, skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnafulltrúa Miðflokksins um starfsumsóknarkerfi fyrir Reykjavíkurborg.

Á fundi Borgarráðs þann 24. febrúar 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnafulltrúa Miðflokksins, sbr. 38. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Á fundi innkauparáðs 10. febrúar sl. var samþykkt að kaupa hugbúnaðarlausn fyrir mannauðs- og starfsumverfissvið sem nefnist „Starfsumsóknarkerfi fyrir Reykjavíkurborg“ að upphæð tæpar 450 milljónir. 1. Eru þessi kaup fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, 10 milljarða verkefninu um stafræna Reykjavík eða á einhvern annan hátt? 2. Hvernig er starfsumsóknarkerfi Mannauðs- og starfsumhverfiskerfi sviðsins í dag? 3. Nú voru ráðnir rúmlega 60 starfsmenn á Þjónustu og nýsköpunarsvið til að sinna tæknilausnum vegna 10 milljarða verkefnisins, gátu þessir starfsmenn ekki sinnt þessu?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 28. febrúar 2022.

Svar:

Eru þessi kaup fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, 10 milljarða verkefninu um stafræna Reykjavík eða á einhvern annan hátt?

Verkefnið er á fjárfestingaáætlun Þjónustu- og nýsköpunarsviðs um stafræna vegferð í tengslum við Græna planið.

Hvernig er starfsumsóknarkerfi Mannauðs- og starfsumhverfiskerfi sviðsins í dag?

Á fundi borgarráðs 3. júní 2021 var samþykkt heimild þess efnis að Þjónustu- og nýsköpunarsvið fyrir hönd Mannauðs- og starfsumhverfissviðs færi í útboðsferli á kaupum á starfsumsóknarkerfi fyrir Reykjavíkurborg sbr. 14. lið fundargerðar ráðsins s.d. Eins og fram kom í greinargerð með heimildarbeiðninni þótti nauðsynlegt að kaupa og innleiða nýtt rafrænt starfsumsóknarkerfi sem er í senn nútímalegt, notendavænt og styður við þarfir stjórnenda borgarinnar sem og gerir starfsumsóknir einfaldar og aðgengilegar fyrir umsækjendur um störf hjá Reykjavíkurborg.



Hjá Reykjavíkurborg taka stjórnendur á móti mörg þúsund starfsumsóknnum á hverju ári. Núverandi kerfi er flókið og seinlegt í notkun og uppfyllir ekki þarfir notenda auk þess sem það styður ekki við þjónustustefnu borgarinnar varðandi notendamiðaða hönnun. Vandí núverandi kerfis er auk þess að það heldur ekki utan um öll ráðningargögn á einum stað heldur þarf að safna þeim saman af nokkrum stöðum. Hala þarf niður hverju og einu skjali og færa það í skjalakerfið sem er tímafrekt fyrir stjórnendur og mannauðsfólk. Í núverandi kerfi eru stjórnendur ósjálfbærir í að kalla fram gögn úr kerfinu þar sem það er of flókið, óstöðugt og tímafrekt.

Með kaupum og innleiðingu á nýju starfsumsóknarkerfi má bæta, einfalda og samræma ráðningaferlið fyrir stjórnendur þvert á borgina. Markmiðið með kaupunum er að Reykjavíkurborg, sem einn stærsti vinnustaður landsins, sé með starfsumsóknarkerfi sem standist nútímakröfur sem gerðar eru til slíkra lausna hvað varðar aðgengileika og einfalt viðmót. Slíkt kerfi ryður úr vegi hindrunum og eykur líkur á að hæfir umsækjendur sækji um þau fjölmörgu störf sem borgin auglýsir árlega.

Helsti ávinningur af nýju starfsumsóknarkerfi fyrir stjórnendur er þannig öflugra verkfæri til að nota við ráðningar í störf hjá borginni, útbúa og birta starfsauglýsingar, taka á móti og vinna úr umsóknnum. Ráðningarferlið verður samræmdara, gagnsærra og enn faglegra, auk þess sem allt ferlið verður umhverfisvænna þar sem lagt er upp með að ekki þurfi að prenta út umsóknargögn. Einnig verður auðveldara að vinna úr starfsumsóknnum fyrir stjórnendur og einfaldara að vista öll umsóknargögn í skjalakerfi að ráðningarferli loknu. Af þessu leiðir mikill tímasparnaður og þar með hagræði fyrir alla sem koma að umsóknar- og ráðningarferlum.

Ávinningur af nýju starfsumsóknarkerfi fyrir umsækjendur er að þeim mætir nútímalegra viðmót og verður því einfaldara og fljótlegra að sækja um störf hjá borginni. Þegar sótt er um störf í núverandi kerfi þykir það seinlegt, flókið og ónotendavænt. Dæmi eru um að umsækjendur sem sækja um störf í núverandi kerfi klári ekki umsókn sína þar sem langan tíma tekur að skrá inn upplýsingar í mörgum skrefum Eins hafa komið upp ítrekuð vandamál með innskráningu sem veldur því að umsækjendur hverfa frá án þess að sækja um.

Í nýju starfsumsóknarkerfi er gert ráð fyrir nýráðningaformi þar sem hægt verður að kalla rafrænt eftir ýmis konar upplýsingum sem safnað er saman á lokastigum ráðningar svo sem menntunargögn, starfsvottorðum og fleiru. Þetta styður við stafræna umbreytingu sem lögð er fram í Græna planinu þar sem áhersla er á rafvæðingu þjónustuferla. Með þessu verður tíma stjórnenda og mannauðsfólks þannig betur varið þar sem núverandi kerfi býður ekki upp á þennan möguleika. Í dag er verið að kalla eftir þessum gögnum á margvíslegan hátt sem veldur óskilvirkni og verri nýtingu á tíma þeirra sem vinna að ráðningum

Nú voru ráðnir rúmlega 60 starfsmenn á Þjónustu og nýsköpunarsvið til að sinna tæknilausnum vegna 10 milljarða verkefnisins, gátu þessir starfsmenn ekki sinnt þessu?

Keypt var inn tilbúin lausn af markaði sem bæði var hönnuð og þróuð af seljanda. Verkið fór í hefðbundinn útboðsferil í samstarfi við innkaupaskrifstofu. Starfsfólk Þjónustu- og nýsköpunarsviðs hefur leitt verkefnið ásamt starfsfólki Mannauðs- og starfsumhverfissviðs þegar kemur að innkaupum, samþættingu, aðlögun og uppsetningu kerfisins að undirliggjandi mannauðskerfum borgarinnar.



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Þróstur Sigurðsson,

Skrifstofustjóri stafrænnar Reykjavíkur